



Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag

Bygging Svartárvirkjunar í Bárðardal

Verkefnislýsing skipulagsgerðar og umhverfismats (sbr.

1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana)

VERKNÚMÉR: 13322-002	DREIFING:
SKÝRSLA NR:	<input type="checkbox"/> Opin
DAGS: 2015-04-13	<input type="checkbox"/> Lokuð til
BLAÐSÍÐUR: 17	<input type="checkbox"/> Háð leyfi verkkaupa
UPPLAG:	

HEITI SKÝRSLU:

Aðalskipulag Þingeyjarsveitar
Tillaga að aðalskipulagsbreytingu og nýtt deiliskipulag
Bygging Svartárvirkjunar
Verkefnislýsing skipulagsgerðar og umhverfismats

HÖFUNDAR:

Sunna Ósk Kristinsdóttir

VERKEFNISSTJÓRI:

Þórhildur Guðmundsdóttir

UNNIÐ FYRIR: ÞINGEYJARSVEIT

UMSJÓN: BJARNI REYKJALÍN

SAMSTARFSADILAR:

GERÐ SKÝRSLU/VERKSTIG: ÚTGEFIÐ

ÚTDRÁTTUR:

Skýrslan þjónar tilgangi bæði skipulags- og matslýsingar vegna breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar auk matslýsingar vegna deiliskipulags. Breytingin felst í breytingu á skilgreiningu á landnotkun og gerð nýs deiliskipulags vegna byggingu Svartárvirkjunar.

LYKILORÐ ÍSLENSK:

Aðalskipulagsbreyting
Lýsing á breytingu
Matslýsing
Umhverfismat áætlana

LYKILORÐ ENSK:

UNDIRSKRIFT VERKEFNISSTJÓRA:

YFIRFARIÐ AF:

Þórhildi Guðmundsdóttur

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	iii
Yfirlit yfir myndir	iii
Yfirlit yfir töflur	iii
1 Lýsing á skipulagsverkefni	5
1.1 Aðdragandi og markmið.....	5
1.2 Staðhættir og skipulagsforsendur.....	7
2 Forsendur og tengsl við aðra áætlanagerð	9
3 Umhverfisáhrif	10
3.1 Umhverfisþættir.....	10
3.2 Stefukostir.....	12
3.3 Þættir sem taldir eru valda áhrifum.....	12
3.4 Viðmið til grundvallar umhverfismati.....	12
3.5 Aðferðir matsvinnu og framsetning niðurstaðna.....	12
4 Kynning og samráð	14
5 Ferlið	15
6 Heimildir	17

Yfirlit yfir myndir

MYND 1.1 FYRIRHUGUÐ STAÐSETNING VIRKJUNAR OG STÖÐVARHÚSS AUK JARÐSTRENGS SÝND Á SKÝRINGARUPPDRETTI.....	6
MYND 1.2 GILDANDI AÐALSKIPULAG, SVEITARFÉLAGSUPPDRETTUR ÞINGEYJARSVEITAR.....	8

Yfirlit yfir töflur

TAFLA 1.1 IÐNAÐARSVÆÐI Í ÞINGEYJARSVEIT SKV. GILDANDI AÐALSKIPULAGI (FYRIRHUGUÐ BREYTING ER RAUÐLITUÐ).....	7
TAFLA 2.1 TENGLI VIÐ AÐRA ÁÆTLANAGERÐ.....	9
TAFLA 3.1 UMHVERFISÞÆTTIR SEM TENGJAST AÐALSKIPULAGSBREYTINGU.....	10
TAFLA 3.2 UMHVERFISÞÆTTIR SEM TENGJAST DEILISKIPULAGSBREYTINGU.....	11


1 Lýsing á skipulagsverkefni

Aðalskipulag Þingeyjarsveitar var staðfest þann 24. febrúar 2011. Hér er lögð fram lýsing og matslýsing fyrir breytingu á sveitarfélagsuppdrætti og greinargerð í samræmi við 1. mgr. 30. greinar skipulagslaga nr. 123/2010.

Gera þarf breytingu á gildandi aðalskipulagi Þingeyjarsveitar og nýtt deiliskipulag fyrir mannvirki virkjunarinnar. Skipulagsáætlanir sem marka stefnu til leyfisveitinga á framkvæmdum sem heyra undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, eins og hér á við, falla undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Gera þarf umhverfisskýrslu sem fylgja þarf eða getur verið hluti af greinargerð skipulagsáætlanna.

1.1 Aðdragandi og markmið

Aðdragandi skipulagsbreytingarinnar og deiliskipulagsgerðarinnar er sá að SSB Orka hyggst reisa virkjun í Svartá í Bárðardal. Áætlað er að stífla Svartá í Bárðardal um 0,4 km ofan við ármót Grjótár sem fellur í hana að austanverðu. Inntaksvirki eru ráðgerð sem steiptur þröskuldur um 26 m langur þvert á árfarveginn. Aðrennslispípa virkjunarinnar er ráðgerð úr trefjaplasti um 2,9 m í þvermál og u.þ.b. 3100 m löng. Pípuleiðin er valin meðfram Svartá á hægri bakka árinna og verður hún öll niðurgráfin og fyllt að henni. Á yfirborði verður endurfyllt með gróðurmold enda liggur pípuleiðin að mestu um gróið land. Til þess að jafna þrýstingssveiflur í aðrennslispípunni við breytilegt álag stöðvarinnar er gert ráð fyrir að steypa hringlaga þró skammt ofan við stöðvarhússtæðið á bakka Svartár. Stöðvarhúsinu verður að öllum líkindum valinn staður skammt frá bakka Svartár um 0,7 km frá vegi þar sem hann sveigir frá ánni upp til móts við bæinn Bjarnastaði. Uppsett afl virkjunarinnar verður 9,8 MW. Leggja á um 47 km langan 33 kV jarðstreng ásamt ljósleiðara frá virkjun að tengivirki Landsnets við Laxá (Laxárvirkjun). SSB Orka hefur fengið Verkís verkfræðistofu til að annast hönnun mannvirkja og búnaðar og öflun leyfa, þ.á.m. að kanna matsskyldu framkvæmdanna í samræmi við ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum. Einnig mun Verkís annast deiliskipulagsgerð vegna framkvæmdanna.



Mynd 1.1 Fyrirhuguð staðsetning virkjunar og stöðvarhúss auk jarðstrengs sýnd á skýringarupprætti

1.2 Staðhættir og skipulagsforsendur

Í Þingeyjarsveit eru tvö iðnaðarsvæði tengd vatnsaflsvirkjunum. Annars vegar Ið-01 sem 27,2 ha svæði Laxárvirkjunar og hins vegar Ið-02 sem um 80 ha svæði Árteigsvirkjunar. Breytingar á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar vegna framangreindra áforma felast í skilgreiningu á nýju iðnaðarsvæði innan sveitarfélagsins, Ið-07 eða um 7 ha svæði Svartárvirkjunar við bakka Svartár í Bárðardal og þar með breytingu á landnotkun innan þess svæðis. Svæðið er í dag skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

Breytingin felur þannig jafnframt í sér breytingu á kafla 3.4 í forsendum þar sem fjallað er um iðnað o.fl. en þar þarf að bæta umfjöllun um Svartárvirkjun við kafla 3.4.1 þar sem fjallað er um vatnsaflsvirkjanir. Einnig er þörf á breytingu í kafla 4 sem fjallar um aðalskipulagið sjálft, en í kafla 4.7.1 þarf aftur að bæta við umfjöllun um nýja iðnaðarsvæðið Ið-03 sem verður svæði Svartárvirkjunar. Jafnframt verður iðnaðarsvæðið merkt inn á sveitarfélagsupprátt, sem og sérupprátt S-08 sem sýnir iðnaðar- og athafnasvæði, vatnsból og efnistökusvæði innan sveitarfélagsins.

Jarðstrengur, 33 kV, ásamt ljósleiðara verður einnig merktur inn á sveitarfélagsupprátt og nánar skilgreindur á skýringarupprætti S-09. Jafnframt þarf að gera grein fyrir honum í forsendukafla 3.5.2 sem fjallar um veitur innan sveitarfélagsins og í kafla 4.12.1 þar sem fjallað er um rafveitur í aðalskipulagi en ljósleiðari verður, eins og kveðið er á um í aðalskipulagi lagður í sama skurð og jarðstrengurinn. Sambærileg breyting verður einnig gerð í aðalskipulagi Skútastaðahrepps en innan við 10 km kafla af jarðstrengnum er innan sveitarfélagamarka þar.

Svartá er vatnsmesta þverá Skjálfafljóts, dæmigerð lindá með mjög jafnt rennsli sem eykst í leysingum á vorin. Miklar vatnsborðsbreytingar og jafnvel þrepahlaup koma í Svartá þegar gerir frosthörkur og fannfergi. Svæðið sem um ræðir er skammt frá austari bakka Svartár um 0,7 km frá vegi þar sem hann sveigir frá ánni upp til móts við bæinn Bjarnastaði og um 1,5 km frá ármótum Svartár og Skjálfafljóts. Svæðið er í dag skilgreint sem landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi og hefðbundinn landbúnaður er stundaður í næsta nágrenni þess.


Breytingin á aðalskipulagi mun fylgja ferli verulegrar breytingar samkvæmt 4.8.2. gr. skipulagsreglugerðar um breytingu á aðalskiplagi, þ.e.a.s. breytingin fer þá í málsmeðferð eins og um gerð aðalskipulags sé að ræða.

Iðnaðarsvæði sem skilgreind eru innan sveitarfélagsins samkvæmt aðalskipulagi Þingeyjarsveitar koma fram í töflu 1.1.

Tafla 1.1 Iðnaðarsvæði í Þingeyjarsveit skv. gildandi aðalskipulagi (fyrirhuguð breyting er rauðlituð)

Ið-01	Laxárvirkjun
Ið-02	Árteigsvirkjun
Ið-07	Svartárvirkjun

Svæðið sem skipulagsbreytingin fjallar um



Mynd 1.2 Gildandi aðalskipulag, sveitarfélagsuppdráttur Þingeyjarsveitar

Á svæðinu næst Svartá skiptast á ræktuð tún, misvel gróin mólendi, graslendi, melar sem víða hafa verið græddir upp og votlendi, sem nýtur sérstakrar verndar. Vestan árinna er að finna hrauntungu sem áin rennur á kafla í jaðrinum á, sem er hluti af Bárðardalshrauni en það telst til nútíma eldhrauna og nýtur einnig sérstakrar verndar.

2 Forsendur og tengsl við aðra áætlanagerð

Það er stefna sveitarfélagsins að nýta vatnsafl í sveitarfélaginu sé það til hagsbóta fyrir íbúa ess og í samræmi við sjálfbæra þróun, en jafnframt telur sveitarfélagið eftirsóknarvert að kanna frekari framtíðarmöguleika og kosti þess að byggja fleiri virkjanir til einknota sem og orkusölu á frjálsum raforkumarkaði.

Tafla 2.1 Tengsl við aðra áætlanagerð

Heiti áætlunar	Hvernig tengist áætlunin tillögu að nýrri áætlun
Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022	Í gildi er aðalskipulag fyrir Þingeyjarsveit. Farið verður í gegnum hvort tillaga að byggingu Svartárvirkjunar samræmist markmiðum sem sett eru fram í aðalskipulagi.
Svæðisskipulag	Í gildi er svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025. Svæði Svartárvirkjunar fellur ekki undir það skipulag.
Deiliskipulag	Ekki er til deiliskipulag fyrir svæðið en samhliða aðalskipulagsbreytingu verður unnið deiliskipulag fyrir virkjunina sem tekur til stöðvarhúss, stíflu, aðrennslispípu og þrýstivatnsturns.
Hættumat vegna ofanflóða í sveitarfélaginu	Hættumat vegna ofanflóða hefur ekki verið unnið fyrir sveitarfélagið og ekki er talin þörf á því í tengslum við breytinguna.
Samgönguáætlun	Framkvæmdin tengist ekki samgönguáætlun.
Náttúruverndaráætlun	Svæðið fellur ekki undir náttúruverndaráætlun. Ekki eru friðlýstar náttúruminjar innan svæðisins né er svæðið á náttúruminjaskrá.
Staðardagskrá 21	Ekki er tilbúin Staðardagskrá 21 fyrir sveitarfélagið en skv. aðalskipulagi verður unnið að gerð hennar.

3 Umhverfisáhrif

3.1 Umhverfispættir

Umrædd breyting á landnotkun er breyting á svæði sem nú er flokkað undir landbúnaðarsvæði. Uppsett rafafli fyrirhugaðrar virkjunar er yfir 200 kW og fellur hún því undir flokk B í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, nr. 106/2000 m.s.br. Þar af leiðandi fellur aðalskipulagsbreyting og nýtt deiliskipulag sem hér er lýst undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem þau marka stefnu sem lögð verður til grundvallar leyfisveitinga vegna framangreindra framkvæmda. Umhverfisskýrsla verður því unnin samhliða aðalskipulagsbreytingunni og nýju deiliskipulagi.

Tafla 3.1 Umhverfispættir sem tengjast aðalskipulagsbreytingu

Umhverfispættir	Umhverfispáttur tengist aðalskipulagsbreytingu		Skýringar
	Já	Nei	
<i>Náttúra eða menning</i>			
Landslag		x	Ekki er talið líklegt að breyting á landnotkun feli í sér áhrif á landslag
Jarðmyndanir	x		Svæðið er ekki á náttúruminjaskrá en sýnilegt nútímahraun er á vesturbakka árinna
Vatnafar	x		Virkjun árinna hefur áhrif á vatnafar
Strandsvæði		x	Svæðið er ekki á strandsvæði
Gróður	x		Votlendi er á svæðinu sem gæti orðið fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar
Dýralíf	x		Virkjun árinna getur haft áhrif á dýralíf hennar, s.s. fiskistofna
Náttúruminjar		x	Engar þekktar náttúruminjar eru á svæðinu
Menningarminjar	x		Menningarminjar eru innan virkjunarsvæðisins
<i>Heilsa og öryggi</i>			
Náttúruvá		x	Ekki er talin stafa hættu af flóðum á svæðinu. Ekki er heldur talin hættu á ofanflóðum á svæðinu
Hljóðvist		x	Ekki eru taldar líkur á áhrif á hljóðvist á svæðinu
Loftgæði		x	Ekki eru taldar líkur á áhrif á loftgæði á svæðinu
<i>Samfélag</i>			
Útivist og tómstundir	x		Einhver veiði er í Svartá og líklegt er að einhverra áhrifa muni gæta þar
Samgöngur		x	Breytingin er ekki talin hafa áhrif á samgöngur
Byggðamynstur		x	Breytingin er ekki talin hafa áhrif á byggðamynstur
<i>Efnahagur</i>			
Verðmæti lands		x	Breytingin er ekki talin hafa áhrif á verðmæti lands
Atvinnulíf		x	Breytingin er ekki talin hafa áhrif á atvinnulíf.

Tafla 3.2 Umhverfispættir sem tengjast deiliskipulagsbreytingu

Umhverfispættir	Umhverfispáttur tengist aðalskipulagsbreytingu		Skýringar
	Já	Nei	
<i>Náttúra eða menning</i>			
Landslag	x		Bygging mannvirkja virkjunar getur haft áhrif á landslag í för með sér
Jarðmyndanir	x		Ekki vitað til þess að svæðið sé á náttúruminjaskrá en sýnilegt nútímahraun á vesturbakka árið verður fyrir áhrifum vegna stíflugerðar
Vatnafar	x		Stíflun árið hefur áhrif á vatnafar hennar
Strandsvæði		x	Svæðið er ekki á strandsvæði
Gróður	x		Votlendi er á svæðinu sem gæti orðið fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar
Dýralíf	x		Virkjun árið getur haft áhrif á dýralíf hennar, s.s. fiskistofna
Náttúruminjar		x	Engar þekktar náttúruminjar eru á svæðinu
Menningarminjar	x		Menningarminjar innan skipulagssvæðisins verða kortlagðar af Fornleifastofnun Íslands
<i>Heilsa og öryggi</i>			
Náttúruvá		x	Þar sem Svartá er lindá er ekki talin mikil hættu á stórum flóðum í henni. Ekki er heldur talin hættu á ofanflóðum
Hljóðvist		x	Ekki eru taldar líkur á áhrif á hljóðvist á svæðinu
Loftgæði		x	Ekki eru taldar líkur á loftgæði á svæðinu
<i>Samfélag</i>			
Útivist og tómstundir	x		Einhver veiði er í Svartá og líklegt er að einhverra áhrifa muni gæta á hana
Samgöngur		x	Breytingin er ekki talin hafa áhrif á samgöngur
Byggðamynstur		x	Breytingin er ekki talin hafa áhrif á byggðamynstur
<i>Efnahagur</i>			
Verðmæti lands		x	Breytingin er ekki talin hafa áhrif á verðmæti lands
Atvinnulíf		x	Breytingin er ekki talin hafa áhrif á atvinnulíf.

Til að einangra aðalatriðin verður í hvorri umhverfisskýrslu fyrir sig fjallað um ákveðna þætti sem nefndir eru í töflum 3.1 og 3.2 og tengjast breytingu á aðalskipulagi annars vegar og breytingu á deiliskipulagi hins vegar. Flestir þáttanna koma fyrir á báðum skipulagsstigum en til einföldunar

verður fjallað um hvern þeirra á hvoru stigi fyrir sig. Þannig eru helstu umhverfisþættir sem teknir verða fyrir í umhverfisskýrslu aðalskipulagsbreytingu gróður og menningarminjar en helstu umhverfisþættir sem teknir verða fyrir í umhverfisskýrslu deiliskipulags landslag, jarðmyndanir, vatnafar, dýralíf, menningarminjar og útivist og tómstundir.

Unnin verður minjaskráning á skipulagssvæðinu í samræmi við 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Varðandi menningarminjar skal því þó bætt við að finnist fornleifar sem áður voru ókunnar skal finnandi skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum eins fljótt og mögulegt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda þegar þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd þangað til ákvörðun Minjastofnunar liggur fyrir um hvort verk megi fram halda og með hvaða skilmálum.

3.2 Stefnukostir

Við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar á aðalskipulagsstigi verður fjallað um eftirfarandi valkosti:

- Núllkostur – Felst í óbreyttri landnotkun á svæðinu
- Skipulagstillagan – Felst í því að breyta skilgreiningu á landnotkun, þannig að hluti af landbúnaðarsvæði verður að iðnaðarsvæði

Við mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar á deiliskipulagsstigi verður fjallað um eftirfarandi valkosti:

- Núllkostur – Felst í óbreyttu ástandi skipulagssvæðisins
- Skipulagstillagan – Felst í því að skipuleggja svæðið m.t.t. byggingu virkjunar innan skipulagssvæðisins

3.3 Þættir sem taldir eru valda áhrifum

Breyting á landnotkun er eini áhrifaþátturinn í tengslum við breytingu á aðalskipulagi sem talinn er valda umhverfisáhrifum.

Eftirfarandi framkvæmdaþættir sem komið verður inn á í deiliskipulagi eru líklegir til að valda umhverfisáhrifum:

- Stífla og inntakslón
- Aðrennslispípa – þrýstipípa
- Sveiflujöfnunarþró
- Stöðvarhús
- Vega- og slóðagerð og umferð

3.4 Viðmið til grundvallar umhverfismati

Þegar áhrif áætlana á tiltekna umhverfisþætti eru metin, er það gert með því að bera áhrifin saman við fyrir fram gefin umhverfisviðmið annars vegar og grunnástand umhverfisins hins vegar.

Eftirfarandi umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem annars vegar breyting á aðalskipulagi og hins vegar nýtt deiliskipulag hefur í för með sér:

- Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022
- Skipulagslög nr. 123/2010
- Skipulagsreglugerð nr. 90/2013
- Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006
- Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000
- Lög um náttúruvernd nr. 44/1999
- Náttúruverndaráætlun 2009-2013
- Lög um menningarminjar nr. 80/2012

3.5 Aðferðir matsvinnu og framsetning niðurstaðna

Við öflun nauðsynlegra gagna og upplýsinga verður leitað til sérfróðra manna og stofnana og annarra sem kunna að búa yfir mikilli þekkingu á staðhættum.

Þeir umhverfisþættir sem valdir eru og skilgreindir hér að framan eru þeir þættir sem hafa skal til hliðsjónar og miðar upplýsinga- og gagnaöflun í upphafi matsferlisins að því að greina grunnástand svæðisins út frá þessum þáttum. Samhliða áætlanagerðinni er sem fyrr segir fyrirhugað að vinna umhverfismat áætlana sem skýrt verður frá í umhverfisskýrslu. Einnig verður gerð fyrirspurn á matskyldu framkvæmdarinnar, þar sem farið verður enn ítarlegar í þá umhverfisþætti sem taldir eru verða fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar.

Lögð verður fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu fyrir báðar tillögur til lögbundinnar kynningar.

4 Kynning og samráð

Samráð verður haft við Skipulagsstofnun og aðrar stofnanir sem hafa sérþekkingu á viðfangsefnum skipulagsins eða tengjast beint því sem snertir breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag. Eftirfarandi eru helstu samráðsaðilar:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðin
- Minjastofnun
- Fiskistofa
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra
-

Lýsing verður send til umsagnaraðila, umsagnarfrestur er þrjár vikur. Lýsingin verður auglýst í Hlaupastelpunni, auglýsingamiðli sem sendur er inn á hvert heimili í sveitarfélaginu og jafnframt verður lýsingin auglýst og aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins, www.thingeyjarsveit.is.

Áður en tillaga að breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag verða afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli verða tillögurnar kynntar íbúum og öðrum hagsmunaaðilum á opnum íbúafundi.

Ef þörf reynist á að hafa samráð við aðra en áðurtalda aðila þá verður greint frá því í umhverfisskýrslu.

5 Ferlið

Helstu verkþættir sem varða breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar eru eftirfarandi:

- A. Gerð mats- og skipulagslýsingar, mars 2015.
- B. Samráð og kynning skipulagslýsingar, apríl 2015.
- C. Gerð uppdráttar, greinargerðar og umhverfisskýrslu, mars-apríl 2015.
- D. Kynning og auglýsing tillögu, maí 2015.
- E. Samþykkt sveitarstjórnar, júní 2015.
- F. Afgreiðsla og staðfesting Skipulagsstofnunar, september 2015.

6 Heimildir

1. Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022
2. Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.
3. Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
4. Lög nr. 80/2012 um menningarminjar.
5. Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.
6. Lög nr. 64/1994 um vernd friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum.
7. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
8. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 2. Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
9. Náttúruverndarráð 1996. Náttúruminjaskrá 7. útgáfa. Náttúruverndarráð. Reykjavík.
10. Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.
11. Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
12. Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.
13. Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.
14. Skipulagslög nr. 123/2010 m.s.br.
15. Skipulagsstofnun 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana.